

Mánudaginn 16. dez. 1929.

Nr. 128/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Jóni Guðmundssyni, Páli Stefáns-
syni o. fl.** (Lárus Fjeldsted).

Vinsmyglun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. júlí 1928: Þeir, Sigurjón Sigurðsson og Stefán Stefánsson, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærður, Jón Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði og greiði 1500 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 60 daga.

Kærður, Páll Stefánsson, sæti fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt í Menningars-
sjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, en sæti ella í
hennar stað einföldu fangelsi í 45 daga.

Þeir, Jóhannes Hjálmarsson, Ingvar Einarsson og Bjarni Finnbogason, sæti hver um sig einföldu fangelsi í 30 daga og greiði hver um sig 1000 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 45 daga.

Jóhannes Björnsson sæti einföldu fangelsi í 20 daga og greiði 500 króna sekt í Menningarsjóð innan 40 daga frá lög-
birtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu
fangelsi í 28 daga.

Kærður, Kristmundur Einarsson, greiði 150 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga.

Kærður, Jón Gunnlaugsson, greiði 100 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Hinir kærðu, Þorkell Sigurðsson og Þorkell S. Svarfdal, greiði hver um sig 50 króna sekt í Menningarsjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 4 daga.

Hver hinna kærðu greiði kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt, en að öðru leyti greiði þeir, Jón Guðmundsson, Jóhannes

Hjálmarsson, Páll Stefánsson, Ingvar Einarsson, Bjarni Finnbogason og Jóhannes Björnsson, allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Undir flutningi máls þessa hér fyrir réttinum er það upplýst, að einn hinna kærðu, Jóhannes Björnsson, er nýlega látinn og fellur því sökin á hendur honum niður.

Samkvæmt því, sem tekið er fram í dómi lögreglu-réttarins, ber að sýkna hina kærðu, Sigurjón Sigurðsson, og Stefán Stefánsson. Og þar sem enn fremur framburði kærða, Þorkels Sigurðssonar, um það, að hann hafi ekki vitað, að áfengi var í brúsa þeim, er hann flutti úr m/b. »Úlfur Uggason« í sölubúð Friðbjarnar Nielssonar, hefir ekki verið hnekkkt, þá ber einnig að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Brotum hinna sakfelldu, hvers um sig, er rétt lýst í lögregluréttardóminum að öðru leyti en því, að eftir prófunum hafa aðeins 24 tíulitra brúsar af áfengi, en ekki 1000 lítrar, verið fluttir til Bolungarvíkur. Hefir kærði, Jón Guðmundsson, svo sem nánar segir í dóminum að visu verið aðalforögöngumaður í smyglunaráfbrotinu, en kærða, Pál Stefánsson, verður einnig að telja sem aðalmannt í því. Heyra því afbrot þessara tveggja undir 1. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 15, 8. júní 1925. En brot þeirra Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar, Ingvars Einarssonar, Kristmundar Einarssonar, Jóns Gunnlaugssonar og Þorkels S. Svarfdal, ber að heimfæra undir 18. gr. sömu laga og brot Jóhannesar og Ingvars einnig undir 9. gr.

Með skirskotun til þess, er segir í lögregluréttar-

dóminum um brot hinna seku og um fyrri brot þeirra á áfengislöggjöfnum, þykir refsing hvers þeirra um sig hæfilega ákveðin sem hér segir:

Jón Guðmundsson sæti 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 kr. sekt, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi.

Páll Stefánsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi.

Bjarni Finnbogason og Jóhannes Hjálmarsson sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt, er afplánist með 55 daga einföldu fangelsi.

Ingvar Einarsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi.

Kristmundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal sæti hver um sig 100 kr. sekt, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi.

Allar sektirnar renni í rikissjóð og kemur vara-refsingin til framkvæmda, ef sektirnar fást eigi greiddar innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa. Hið ólöglega innflutta áfengi, er lögreglustjórnin hefir náð í sínar vörzlur, skal upptækt vera og eign rikissjóðs.

Þeir, hinna kærðu, er setið hafa í gæzluvarðhaldi undir rekstri málsins, greiði hver um sig varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda 250 kr. og verjanda 150 kr., greiði þeir, Jón Guðmundsson, Páll Stefánsson, Bjarni Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson og Ingvar Einarsson in solidum að $\frac{1}{10}$ hlutum, en þeir Kristmundur Einarsson, Jón

Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal greiði in solidum
^{1/10} hluta.

Því dæmist rétt vera:

Sigurjón Sigurðsson, Stefán Stefánsson og Þorkell Sigurðsson eiga sýknir að vera af kærú valdstjórnarinnar í máli þessu.

Jón Guðmundsson sæti 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 4000 kr. sekt, er afplánist með 95 daga einföldu fangelsi.

Páll Stefánsson sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 2000 kr. sekt, er afplánist með 65 daga einföldu fangelsi.

Bjarni Finnbogason og Jóhannes Hjálmarsson sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500 kr. sekt, er afplánist með 55 daga einföldu fangelsi.

Ingvar Einarsson sæti 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 kr. sekt, er afplánist með 45 daga einföldu fangelsi.

Kristmundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell S. Svarfdal sæti hver um sig 100 kr. sekt, er afplánist með 10 daga einföldu fangelsi.

Allar sektirnar renni í rikissjóð og kemur vara-refsingin til framkvæmda, ef sektirnar fást eigi greiddar innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign rikissjóðs.

Hinir kærðu greiði hver um sig varðhalds-
kostnað sinn.

Allan annan kostnað sakarinnar í héraði og
hæstarétti, að meðtöldum sóknar- og varnarlaun-
um málflytningmannanna, Sveinbjarnar Jónsson-
ar, 250 kr. og Lárusar Fjeldsted 150 kr., greiði
þeir, Jón Guðmundsson, Páll Stefánsson, Bjarni
Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson, og Ingvar
Einarsson in solidum að $\frac{9}{10}$ hlutum, en þeir Krist-
mundur Einarsson, Jón Gunnlaugsson og Þorkell
S. Svarfdal greiði in solidum $\frac{1}{10}$.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jóni
Guðmundssyni, Bakkastíg 5 hér í bænum, Bjarna Finnboga-
syni á Búðum á Snæfellsnesi, Jóhannesi Hjálmarssyni, til
heimilis á Siglufirði, Jóhannesi Björnssyni, Brekkustíg 5 í
Reykjavík, Kristmundi Einarssyni og Ingvari Einarssyni, Kefla-
vík, Páli Stefánssyni, Jóni Gunnlaugssyni, Stefáni Stefánssyni,
Þorkeli Sigurðssyni Svarfdal, Þorkeli Sigurðssyni og Sigurjóni
Sigurðssyni öllum til heimilis á Siglufirði, fyrir brot gegn
ákvæðum laga um aðflutningsbann á áfengi nr. 15 frá 8. nóvbr.
1925.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og sannaðir með
eigin játningu kærðra, er kemur heim við það, sem á annan
hátt er upplýst í málinu.

Fyrstu tildrög máls þessa, sem upplýst eru, voru þau, að
kærður, Páll Stefánsson fór héðan til Þýzkalands 11. eða 12.
febrúar 1926, að hann heldur fram, til þess að útvega sér þar
vörulán. Hann kveðst þó engar vörur hafa fengið að láni og
hafa orðið peningalaus í Kiel, kveðst hann þá hafa komizt í
kynni við skipstjóra, að nafni Eugen Friedrich, á smyglunar-

skipinu Liselotte. Hann kveðst hafa ráðist á þetta skip gegn ákveðnu kaupi kr. 200.00, en þá ekki hafa vitað, að þetta var smyglunarskip og ekki vitað hvert það átti að fara. Hann kveðst ekki hafa verið skráður á skipið, en hefir engar skynsamlegar ástæður getað fært fram fyrir því, af hvaða orsökum svo var ekki. Þó kveðst hann hafa vitað um það degi áður en skipið lagði af stað, að það ætlaði í smyglunarferð til Íslands, en telur sig þá hafa tekið það loforð af skipstjóranum að fara ekki inn fyrir íslenska landhelgi. Áður en kærður lagði af stað, kveðst hann hafa látið Bjarna heitinn Ólafsson hér í bænum vita, að smyglunarskipið mundi verða á sveimi hér í Faxaflóa tiltekna daga í maímánuði 1926. Skipið lagði svo af stað frá Kiel 3. eða 5. maí og kom inn í Faxaflóa 11. eða 14. maí. Skipið kveður kærður hafa haft um 20 þúsund lítra af spiritus meðferðis.

Kærður kveðst nú hafa búizt við því, að Bjarni Ólafsson, sem hann stóð í sambandi við, myndi koma út í skipið til þess að sækja áfengi, en svo varð ekki. Hinn 26. maí kom m/b. »Tryggvi« fram að skipinu og komu þeir um borð, Jón Guðmundsson og Bjarni Finnbogason, en upplýst er að um borð í m/b. »Tryggva« voru og þeir, Jóhannes Hjálmarsson, Jóhannes Björnsson og Ingvar Einarsson. Þeir Jón og Bjarni sneru sér til skipstjórans og keypti Jón af honum um 3000 lítra af spiritus. 2000 lítra greiddi hann með 7000 krónum en hitt fékk hann eða hann og Bjarni lánað. Þessum spiritus var svo skipað um borð í m/b. »Tryggva« og var svo umtalað, að þeir kæmu þessu áfengi í land, seldu sumt af því, útveguðu sér þannig peninga og komu síðan fram í skipið aftur og sæktu meira áfengi, en úr því varð þó aldrei, og fór þýzka skipið við svo búid til útlanda.

Það er upplýst í málinu, að vitneskjuna um smyglaraskipið hefir kærður Jón Guðmundsson fengið fyrstur þessara manna frá Bjarna heitnum Ólafssyni. Hafði Jón reynt með þeim Bjarna Finnbogasyni og Ingvari að fara á m/b. »Oddi« fram í þetta sama skip nokkrum dögum áður en þeir fóru á m/b. »Tryggva« í áðurnefnda ferð. En vélin bilaði og urðu þeir því að snúa aftur við svo búid í það skiftið. Þegar kærður, Jón Guðmundsson, réði fyrnefnda menn á m/b. »Tryggva« var þeim það öllum ljóst, eins og þeir hafa og sjálfir játað, að ferðin var að minnsta kosti aðallega »smyglunarleiðangur« en hugmyndin virðist þó jafnvel hafa verið sú meðfram, að

þeir, að honum loknum, stunduðu sildveiðar fyrir Norðurlandi; eftir það um sumarið. Um kaup fyrir ferðina virðist ekki hafa verið talað neitt ákveðið, enda hafa hinir kærðu, sem þátt tóku í ferðinni með Jóni, jatað, að þeir hafi búizt við að fá riflega þóknun, sem færi þó eftir því, hve vel smyglunin og salan á áfenginu gengi. Jón Guðmundsson segir og sjálfur í prófum máls þessa, að sér hafi aldrei komið annað til hugar en að hafa alla þá, sem með honum voru, sér og þessu fyrirtæki bundna, þannig, að þeir hefðu hlutdeild í hagnaðinum, sem af því kynni að verða.

M/b. »Tryggvi« fór nú frá þýzka smyglunarskipinu og varð Páll Stefánsson kyr þar um borð, hélt báturinn nú til Rekavíkur, þar fluttu þeir félagar 2000 lítra af spiritus í land og kom Jóhannes Hjálmarsson því í geymslu hjá bræðrum sinum, sem þar búa. Hjá þeim bræðrum fengu þeir og lánaðan litinn mótorbát og skipuðu um borð í hann úr m/b. »Tryggva« þeim 1000 litrum, sem eftir voru. Að því búnu héldu báðir bátarnir til Aðalvíkur, en þaðan fór smærri báturinn með stykki úr vélinni í m/b. »Tryggva« til Bolungarvíkur, til þess að láta gjöra við það. Jafnframt fór hann með fyrnefnda 1000 lítra af spiritus, og var ætlunin að selja þennan spiritus í Bolungarvík og fá þannig peninga til þess að fara nýja ferð í þýzka skipið og kaupa meira af spiritus eins og um hafði verið talað. Í bátnum til Bolungarvíkur var Jóhannes Hjálmarsson og bróðir hans, þeir gátu ekki selt áfengið í Bolungarvík, seldu þar aðeins 4 dunka, 10 lítra hvern, en fóru aftur með hitt, settu þeir það á ný í m/b. »Tryggva« og héldu í þeim bát til Selvíkur á Skaga, og settu áfengið þar í land og kom Jóhannes Hjálmarsson því þar í umsjá bóndans í Selvík. Þeir bræður Jóhannesar Hjálmarssonar höfðu yngrefið þá féлага í Aðalvík og farið í mótorbát sinum til Rekavíkur. Frá Selvík fór svo m/b. »Tryggvi« til Siglufjarðar. Þeir, Jón Guðmundsson, Ingvar Einarsson og Jóhannes Björnsson, fóru eftir skamma dvöl á Siglufirði inn til Akureyrar, en Jóhannes Hjálmarsson og Bjarni Finnbogason, sem dvöldu á Siglufirði, tóku sig til, að því er virðist í samráði við Jón Guðmundsson, tóku á leigu m/b. »Hauk«, fengu í lið með sér Kristmund Einarsson á Siglufirði og fóru vestur til Selvíkur. Þar tóku þeir áfengið, er þar var geymt, fóru með samt inn á Héðinsfjörð og söktu því þar niður við böju, en sumt fóru þeir með til Hriseyjar og komu því þar í land, en síðan héldu þeir til Siglufjarðar

aftur. Voru þeir að þessu dagana 14. til 16. júní. Próf hófust nú á Siglufirði yfir hinum þrem fyrnefndu mönnum og voru þeir, Bjarni og Jóhannes Hjálmarsson, settir í gæzluvarðhald. Um svipað leyti byrjuðu próf á Akureyri yfir þeim Ingvari, Jóni Guðmundssyni og Jóhannesi Björnssyni. Enginn hinna kærðu skýrði frá, að flutt hefði verið annað áfengi úr þýzka skipinu en áfengi það, er komið var fyrir í Selvík, og neituðu því að hafa geymt áfengi annarsstaðar. Jóhannes Hjálmarsson kvaðst hafa sótt áfengið til Selvíkur að undirlagi Jóns Guðmundssonar, því hann hafi viljað fara að koma því í peninga. Kristmundur Einarsson taldi sig ekki hafa vitað um, að hann var að fara í smyglunarferð á m/b. »Hauk«, en félagar hans, sérstaklega Jóhannes Hjálmarsson, fullyrtu hið gagstæða, og eftir því, sem upplýst er í málinu, virðist mega draga þá ályktun, að svo hafi verið.

Dómur var svo kveðinn upp í aukarétti Siglufjarðar 25. ágúst í máli þeirra Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar og Kristmundar Einarssonar. Sá dómur var ómerktur með dómi hæstaréttar, uppkv. 24. marz 1928, og málinu vísað heim til frekari rannsóknar. Dómur gekk ekki á Akureyri yfir hinum þremur, sem áður eru nefndir, en rannsókninni var haldið áfram hér í bænum að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins og varð þá uppvíst um landflutning áfengisins í Rekavík. Eftir að hæstiréttur hafði ómerkt Siglufjarðardóminn, sendi dómsmálaráðuneytið öll plögg málsins hingað og fyrirskipaði frekari meðferð þess hér. Síðan hafa verið haldin framhalds próf á Siglufirði.

Eftir að prófunum lauk á Siglufirði og þeir, Jóhannes Hjálmarsson og Bjarni Finnbogason, voru látnir lausir, fór Jóhannes Hjálmarsson með e/s. »Anders« vestur til Rekavíkur. Setti skipið hann í land á Horni, en þaðan gekk hann til Rekavíkur. Eftir að hann hafði verið í Rekavík í 3 daga, kom þangað Ingvar Einarsson við annan mann í m/b. »Oddur«. Hefir Ingvar skýrt svo frá, að hann hafi verið sendur af eignum bátsins, kærðum Jóni Guðmundssyni, til þess að sækja bátinn til Reykjavíkur og flytja hann norður, en hann kveðst hafa orðið að fara inn á Rekavík vegna þoku. Í Rekavík hitti Ingvar Jóhannes Hjálmarsson og slóst hann í ferðina norður. Þeir tóku með sér 21 eða 22 dunka af spiritus og héldu síðan norður. 12 eða 13 af þessum dunkum sökti Jóhannes við dufl, fyrir vestan Siglufjörð og fór sjálfur í land á Siglunesi og

gekk þaðan til Siglufjarðar. En Ingvar hélt áfram til Akureyrar á bátnum með 9 dunka og kveður hann sig hafa komið þremur dunkum fyrir í mógrófum fyrir ofan Akureyri og sókt fjórum við bryggju á Akureyrarhöfn, en öllum þeim 7 dunkum hafi verið stolið. Tvo dunka kveðst hann hafa selt á Akureyri fyrir 200 kr. hvorn.

Þegar Jóhannes Hjálmarsson kom til Siglufjarðar, hitti hann Bjarna Finnbogason og bað hann ásamt Jóni Gunnlaugssyni, verkamanni á Siglufirði, að koma dunkum þeim, er hann hafði sókkt, í land. Fóru þeir á bát og fengu sér til hjálpar Sigurð nokkurn Jakobsson, sem mál hefir ekki verið höfðað gegn. Komu þeir áfenginu í land skammt frá Dölum og grófu þar. Skömmu síðar sóti Jóhannes Hjálmarsson 2 dunka, fór með þá inn til Siglufjarðar og kom þeim í geymslu hjá Þorkeli Sigurðssyni Svarfdal, sem kom þeim fyrir í m/b. »Úlfur Uggason«, er hann var formaður á. Skömmu síðar hitti Jóhannes Hjálmarsson kærðan í máli þessu, Stefán Stefánsson, og bauð honum til sölu einn 10 litra dunk af spiritus fyrir kr. 150.00. Stefán féllst á að kaupa og átti rétt á eftir tal við kærðan, Sigurjón Sigurðsson, um það, að hann yrði með í kaupunum og varð það að samkomulagi að svo skyldi vera. Fékk nú Jóhannes Hjálmarsson Þorkel Sigurðsson til þess að sækja annan spiritus-dunkinn til Þorkels Svarfdal og flytja hann heim til Stefáns. Þetta gjörði Þorkell Sigurðsson, en þá komst bæjarfógetinn á Siglufirði á snodir um þetta, lét gjöra húisleit hjá Stefáni og fannst þá dunkurinn. Játaði þá Jóhannes Hjálmarsson og félagar hans brot sitt eins og hér hefir verið skýrt frá. Í framburði sínum fyrir réttinum hefir Jóhannes að vísu skýrt svo frá, að brúsar þessir hafi verið 3 og að hann hafi verið búinn að selja einn, en hinir tveir hafi verið teknir, en frekara samræmi milli þessa framburðar hans hér og áður nefnds framburðar hans í lögreglurétti Siglufjarðar hefir ekki fengizt. Þorkell Sigurðsson heldur því fram, að hann hafi álitid að í spiritus-dunknum, sem hann sótti fyrir Jóhannes Hjálmarsson, væri steinolia, hann kveður Jóhannes ekkert hafa minnt á hvað í dunknum væri, aðeins hafa beðið sig að sækja böggul til Þorkels Svarfdal og færa Stefáni. Þeir Stefán, Þorkell Svarfdal og Jóhannes Hjálmarsson kveðast ekkert þora að fullyrða um það, hvort Þorkell Sigurðsson hafi vitað um, að áfengi var í dunknum, en enginn þeirra minnst þess, að hafa talað um það við hann, að áfengi væri í dunkn-

um. Þessa frásögn Þorkels Sigurðssonar er ekki unnt að taka trúanlega, því það er í alla staði mjög ósennilegt, að hann hafi ekki grunað, að áfengi væri í dunknum, sem Svarfdal setti í poka og Jóhannes Hjálmarsson, sem nýsloppinn var úr gæzluvarðhaldi og uppvís að flutningi áfengis í allstórum stil, bað hann að sækja. Það verður líka að telja það vist, að Jóhannes hafi talað um þetta við hann eða að minnsta kosti gengið út frá því, að hann vissi um þetta, því ella mundi hann ekki hafa trúað Þorkeli fyrir að sækja dunkinn, sem hann vissi að hlaut að vera sjálfum sér hættulegt, ef Þorkell hefði í góðri trú farið gálauslega með hann. Jóhannes hlýtur því einmitt að hafa vitað, að Þorkell vissi vel hvað hann var að sækja og að hann mundi af þeim ástæðum, vegna þeirra beggja, fara varlega.

Enn hefir Jóhannes Hjálmarsson skýrt svo frá, að hann hafi sumarið 1926 — að hann minnr í ágústmánuði — komið til því, að tveir menn, þeir Ingólfur Ólafsson og Angantýr Guðmundsson, sem nú eru komnir til Canada, hefðu farið vestur til Rekavíkur og ætluðu að taka þar áfengi með valdi. Hann kveðst þá hafa fengið sér norskt skip til þess að fara með sig vestur til þess að reyna að koma í veg fyrir þetta. Þegar þangað kom, höfðu fyrnefndir menn verið þar og haft á burt með sér eitthvað áfengi. Kveður hann þá bræður sína hafa sagt sér, að þeir hefðu ekki þorað annað en koma áfenginu, nema 20 dunkum fyrir í geymslu hjá Ólafi Hjálmarssyni að Horni, sem er skammt frá Rekavík. Þá 20 dunka, sem eftir voru, kveðst hann hafa tekið og látið norska skipið fá þá fyrir ferðina, en annað áfengi kveðst hann ekki hafa tekið. Seinna um sumarið reyndi Jón Guðmundsson að láta ná í áfengið. Bræðurnir í Rekavík visuðu þá trú sér til Ólafs Hjálmarssonar, en hann sagði, að áfengið hefði horfið og vissi hann ekki hvar það væri niður komið. Próf út af þeim þætti málsins, hvað af áfengi þessu hafi orðið, hefir ekki verið unnt að halda hér, þar sem allir þeir, er líklegastir eru til að geta gefið upplýsingar um það, eru vestur á Ströndum og því mjög óhentugt að láta senda þá hingað til bæjarins til að halda próf yfir þeim. Hinsvegar auðvelt að láta hlutaðeigandi yfirvald rannsaka þetta í sérstöku máli.

Sumir þeirra manna, sem kærðir eru í máli þessu, hafa áður sætt refsingu fyrir brot á bannlöggjöfinni.

Kærður, Jón Guðmundsson, hefir með dómi hæstaréttar, upp-

kveðnum 1. maí 1925, verið dæmdur í 1000 kr. sekt og 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, fyrir innflutning áfengis.

Kærður, Páll Stefánsson, hefir með sama dómi verið dæmdur í sömu refsingu fyrir samskonar brot.

Kærður, Bjarni Finnbogason, hefur verið dæmdur í 400 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 1, sbr. 13. og 18. gr. bannlaganna og með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. 1927, var hann dæmdur í 200 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 11. gr. sömu laga.

Þá hefir Jóhannes Björnsson hinn ¹⁶/₁₂ 1927 undirgengizt hér í bænum 500 króna sekt fyrir áfengissölu og greitt hana.

Þeir, Stefán Stefánsson og Kristmundur Einarsson, hafa hvor um sig á Siglufirði sætt 200 króna sekt fyrir hlutdeild í bruggun áfengis.

Það verður að teljast nægilega sannað, að kærður Jón Guðmundsson hefir verið aðalmaðurinn í þessu broti, hann ræður yfir skipinu, sem farið er á þessa ferð, og hann ræður menn til fararinnar og leggur til peninga fyrir áfengið. Þeir, sem með honum voru á m/b. »Tryggva«, verða að teljast hjálparmenn hans og sömuleiðis Páll Stefánsson.

Brot Jóns Guðmundssonar ber að heimfæra undir 1. gr. bannlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin samkv. 13. gr. sömu laga og með tilliti til hinna fyrri brota hans, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði og 1500 króna sekt í Menningarsjóð, sem greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 60 daga.

Brot Páls Stefánssonar, Bjarna Finnbogasonar, Jóhannesar Hjálmarssonar, Jóhannesar Björnssonar og Ingvars Einarssonar ber að heimfæra undir 1. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna og brot þeirra Jóhannesar Hjálmarssonar og Ingvars ber að því, er sölunni viðkemur, að heimfæra undir 9. gr. sömu laga. Refsing sú, er Páll Stefánsson hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin samkv. 13. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna og með tilliti til fyrra brots, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 45 daga.

Refsing sú, er Bjarni Finnbogason, Jóhannes Hjálmarsson og Ingvar Einarsson hafa til unnið hver um sig, þykir samkv.

13. gr., sbr. 18. gr. bannlaganna með tilliti til fyrra brots Bjarna Finnbogasonar og að því, er Jóhannesi og Ingvari viðkemur, með tilliti til ákvæða 14. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 30 daga og 1000 króna sekt í Menningarsjóð fyrir hvern þeirra og greiðast sektirnar innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hver um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 46 daga.

Refsing sú, er Jóhannes Björnsson hefir til unnið, þykir samkvæmt ákvæðum 13., sbr. 18. gr. bannlaganna hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 20 daga og 500 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Brot þeirra, Kristmundar Einarssonar, Jóns Gunnlaugssonar, Þorkels Sigurðssonar og Þorkels S. Svarfdal, ber að heimfæra undir 8., sbr. 18. gr. bannlaganna.

Refsing sú, er Kristmundur Einarsson hefir til unnið, þykir hæfilega ákveðin samkv. 16., sbr. 18. gr. bannlaganna 150 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 10 daga.

Refsing Jóns Gunnlaugssonar þykir samkv. ákvæðum sömu greina hæfilega ákveðin 100 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Refsing þeirra, Þorkels Sigurðssonar og Þorkels S. Svarfdal, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt í Menningarsjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti þeir hvor um sig í stað sektarinnar einföldu fangelsi í 3 daga.

Þá, Sigurjón Sigurðsson og Stefán Stefánsson, ber að álitu dómarans að sýkna af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Hinir kærðu greiði hver um sig kostnaðinn við sitt gæzlugarðhald, en allan annan kostnað sakarinnar greiði þeir, Jón Guðmundsson, Bjarni Finnbogason, Páll Stefánsson, Ingvar Einarsson, Jóhannes Hjálmarsson og Jóhannes Björnsson in solidum.

Sumir hinna kærðu í þessu máli hafa fengið sér talsmenn. Dómarinn hefir tilkynnt þeim öllum hvenær dómur mundi ganga í málinu, en enginn þeirra hefir skilað vörn nema talsmaður Jóns Guðmundssonar, Jón Hallvarðsson, cand. juris.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið hér í umdæminu.

Miðvikudaginn 18. dez. 1929.

Nr. 95/1929.

Fjóla Stefáns (Pétur Magnússon)
 gegn
fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs
 (Lárus Fjeldsted).

Skaðabætur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1929:
 Stefndur, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Fjólu Stefáns, í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, hefir áfrýjandi gegnt ráðskonustöðunni við heilsuhælið á Vífilsstöðum frá 1. apríl 1919 til síðastliðinna áramóta, er hún var látin hætta þessu starfi. Eftir skýrslu stefnda finnast engin skilríki fyrir því í dómsmálaráðuneytinu, að það hafi ráðið áfrýjanda til umgetins starfa, og verður því að telja vist, að ráðuneytið hafi á sinum tíma falið yfirlækninum við hælið að ráða hana eða að minnsta kosti eftir á samþykkt ráðninguna. Hefir yfirlæknirinn gefið þá yfirlýsingu, að hann hafi ráðið áfrýjanda með 6 mánaða uppsagnarfresti frá beggja hálfu, og með því að þessi uppsagnarfrestur verður eigi talinn óeðlilega langur og auk þess í samræmi við uppsagnarfrest þann, sem ákveðinn er í erindisbréfi handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dags. 10. sept. 1898 og í erindisbréfi handa ráðskonu geðveikrahælisins á Kleppi, dags. 14. febr. 1908, verður að álíta, að áfrýj-